

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 21. júní 1988

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 75/321/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum

(88/411/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvéllum á hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/297/EBE ⁽²⁾, einkum 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Með tilliti til fenginnar reynslu og tækniþróunar er nú unnt að gera ýmis ákvæði tilskipunar ráðsins 75/321/EBE ⁽³⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 82/890/EBE ⁽⁴⁾, nákvæmari og ítarlegri.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar er sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðauka við tilskipun 75/321/EBE:

- í lið 2.2.1.2. er orðunum „sem er ekki tengdur við annan búnað“ bætt við á eftir orðunum „ef stýrisbúnaðurinn er með hjálparafli“.
- í stað næstsíðustu setningar í fyrstu málsgrein í lið 2.2.4.1.1., þ.e. „Stýrisbúnaður og hemlabúnaður mega ekki hafa sameiginlegan orkugjafa“ komi „Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 76/432/EBE um hemla, ef um er að ræða vökvatengi milli vökvastýrisbúnaðar og vökvahemalabúnaðar, og ef þeir hafa sameiginlegan orkugjafa, skal aflið sem nota þarf vegna stýrisbúnaðar

ekki vera meira en 40 daN ef annað kerfið yrði óvirkt“.

2. gr.

1. Frá 1. október 1988 er aðildarríkjunum óheimilt:
 - að neita að veita gerðum dráttarvéla EBE-gerðarviðurkenningu, neita að gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, eða neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða
 - banna að dráttarvélar séu teknar í notkun; ef stýrisbúnaður þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla er í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.
2. Frá 1. október 1989 er aðildarríkjunum:
 - óheimilt að gefa lengur út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, vegna gerðar dráttarvélar ef stýrisbúnaður hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar;
 - heimilt að neita að veita gerð dráttarvélar innlenda gerðarviðurkenningu ef stýrisbúnaður hennar er ekki í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1988. Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. júní 1988.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

COCKFIELD

varaforseti.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 126, 20. 5. 1988, bls. 52.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 24.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 45.